

**eld-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– eldur kom upp í húsi við  
Laugaveg

‡ eldr • elda, eldfjall, eldgos, eldhús

**haf** *hk – hús Ö*  
[-s, höf]

– hún horfði út á hafið

‡ » sjór

**grein** *kv – nál*  
[-ar, -ar]

– lastu greinina í blaðinu?  
– þarna situr fugl á grein

‡ • greina, greinilega, greinilegur

**há-r** *lo – gulur*  
[-, -tt; hærri, hæstur]

– þau ganga upp á hátt fjall

‡ • upphátt, hávaði, hávaxinn, hádegi, háskóli,  
hækka, hæð

**hlíð** *kv – nál*  
[-ar, -ar]

– snjórinn nær niður í hlíðar  
fjallsins

‡

**ís** *kk – hestur O*  
[-s, -ar]

– þau fengu sér ís í hitanum

‡

**hest-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– bóndinn á marga hesta

‡ hestr

**dökk-ur** *lo – gulur*  
[-, -t; dekkri, dekkstur]

– hann er með dökkt hár

‡ dækkr • dökkhærður » dimmur « bjartur, ljós  
(lo)

**sand-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– það er víða svartur sandur á  
Íslandi

‡ sandr

**sundlaug** *kv – nál*  
[-ar, -ar]

– á Íslandi eru margar sundlaugar

‡ • synda, sund

**nál** *kv – nál*  
[-ar, -ar]

– geturðu lánað mér nál og  
tvinna?

‡

**bann-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– reykingar bannaðar!

‡

**jökul-l** *kk – hestur B S*  
[-s, jöklar]

– stærsti jökull Íslands heitir  
Vatnajökull

‡

**foss** *kk – hestur O*  
[-, -ar]

– Gullfoss er frægasti fossinn á  
Íslandi

‡/fors

**gos** *hk – hús*  
[-s, -]

– gos getur bæði þýtt eldgos og  
gosdrykkur

‡

**kóln-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– það er farið að kólna í veðri

‡